



Ráðhús Reykjavíkur - Skrifstofa borgarstjórnar
Tjarnargötu 11

Reykjavík, 19. júní 2020
Tilvísun: 2020060359/2.12.1

Efni: Svar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna tillögu um frestun árlegs hundaeftirlitsgjalds.

Vísað er í tölvupóst Skrifstofu borgarstjórnar dags. 18. júní 2020 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um tillögu áheyrnarfulltrúa Flokk fólksins um frestun árlegs hundaeftirlitsgjalds. Í tillögunni eru einnig ýmsar staðhæfingar sem ekki standast skoðun og verður ekki svarað hér, en bent er á að fyrri svör HER um það sem þar kemur fram og er m.a. hægt að sjá á heimasíðu HER

https://reykjavik.is/sites/default/files/USK/Heilbrigdiseftirlit/Hundar/fyrirspurnir_tillogur_og_svor.pdf

Varðandi árleg hundaeftirlitsgjöld þá kveður 12. gr. samþykktar um hundahald í Reykjavík nr. 478/2012 og 5. gr. gjaldskrár nr. 1189/2016 fyrir hundahald í Reykjavík á um að gjalddagi gjalda sé 1. mars árlega með eindaga 1. maí. Gjöld fyrir árið 2020 eru því þegar útsend.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Árný Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri